

ENERGÍ OG TRÚ

LANDSMÓT ÆSKP 2013 - 25.-27.OKTÓBER - REYKJANESBÆ

Þú ert á leið á landsmót!

Landsmót ÆSKP er eitthvað sem enginn þátttakandi í æskulýðsstarfi kirkjunnar má missa af. Heil helgi full af samfélagi með vinum, kvöldvökum, sundlaugarpartýi, hjálparstarfi, Karnivali, fræðslu, hæfileikakeppni og stórkostlegu búningaballi. Þú munt koma heim reynslunni ríkari með minningar sem aldrei munu gleymast. Landsmótsnefndin er núna á fullu að undirbúa komu þína og allra hinna á landsmótið og við erum svo sannarlega orðin spenn. Gangi ykkur vel í undirbúningi fyrir mótið og við sjáumst hress í Reykjanesbæ þann 25.október nk.

Landsmótskveðjur
Rakel Brynjólfsdóttir, landsmótsstjóri

MÓTSSVÆÐIÐ

Keflavík er fallegur bær sem telur um 8.000 íbúa. Mótssvæðið okkar er skemmtilegt og ekki langt að fara á milli húsa. Gisting er í Holtaskóla og Myllubakkaskóla en auk þess höfum við ípróttahús Keflavíkur, sundlaugina, Grágás, Keflavíkurkirkju og fleiri staði til afnota.



Hæfileikakeppni æskulýðsfélaganna fer fram kl. 16.00 á laugardeginum!

Söfnum til framtíðar

Í ár horfir landsmót ekki út fyrir landssteinana heldur í nærsamfélagið þar sem fjallað verður um fátækt á Íslandi. Í dag eru um 8.5% þjóðarinnar undir lágtekjumörkum en það segir okkur að um 28.000 Íslendingar búa daglega við fátækt, fátækt sem er langvarandi og rænir fólk heilsu og reisn til lengri tíma. Á landsmóti í Reykjanesbæ 2013 munum við leita leiða til að horfa á það sem við sem manneskjur

getum gert, miklu frekar en það sem við getum ekki gert. Í hópastarfinu og á Karnivalinu munu unglíngarnir með margvíslegum hætti afla fjármuna, en allur ágóði af vinnu þeirra rennur í Framtíðarsjóð Hjálparstarfs kirkjunnar.



KARNIVAL Á laugardeginum munum við slá upp Karnivali í ípróttahúsi Keflavíkur og bjóða gestum og gangandi að koma og styrkja Framtíðarsjóð Hjálparstarfs kirkjunnar.



BÚNINGAKEPPNI Þemaliturinn á búningaballinu í ár er BLÁR og hvetjum við æskulýðsfélögin til að hafa þann lit ríkjandi í búningum sínum á ballinu.



TILVILJUN? Hljómsveitin Tilviljun? sér um alla tónlist á mótinu sem og ballið á laugardagskvöldinu. Þetta eru algjörir snillingar sem eru nú með okkur fjórða árið í röð.

Landsmót - Landsmót - Landsmót

Dagskrá

...

Föstudagur 25. október

17.00-17.45 - Mæting í Keflavík
18.30 - Mótssetning
19.00 - Kvöldmatur
20.00 - Kvöldvaka
20.45 - Skráning í hópastarf
21.00 - Frjáls tími

Sundlaugarpartý
Lofgjörðarstund m. Tilviljun?
Spil og vídjó

23.00 - Kvöldhressing
23.30 - Helgistund
00.00 - Svefnró

Laugardagur 26. október

08.30 - Vakning
09.00 - Morgunmatur
09.30 - Félagahittingur
10.00 - Fræðsla
12.00 - Hádegismatur
12.45-15.30 - Hópastarf & Karnival
16.00 - Hæfileikakeppni
18.00-19.00 - Frjáls tími
19.00 - Kvöldmatur
20.00 - Kvöldvaka
22.00 - Búningaball
00.00 - Helgistund
00.30 - Svefnró

Sunnudagur 27. október

08.30 - Vakning
09.00 - Morgunmatur
11.00 - Guðsþjónusta í Keflavíkurkirkju
12.00 - Heimferð



REGLUR LANDSMÓTS



GULLNA REGLAN - FÖRUM EFTIR HENNI

Um gengni lýsir innri manni. Göngum um allt húsnæði með virðingu. Valdi þátttakandi skemmdum á húsnæði og/eða eigum Reykjanesbæjar, ÆSKP eða annarra er honum gert að bæta tjónið.

Á auglýstum kyrrðartíma eiga allir að vera komnir á sína svefnstaði og forðast háreysti.

Skyldumæting er á alla auglýsta dagskrá mótsins nema annað sé sérstaklega teki fram.

Þátttakendum ber að hlýða leiðtogum sinnar kirkju, starfsfólki og landsmótsstjóra.

Meðferð og neysla áfengis og annarra vímuefna er óheimil á landsmóti. Haft verður skilyrðislaust samband við forráðamenn þeirra sem brjóta þessa reglu og viðkomandi sendur heim á þeirra kostnað.

Reykingar eru ekki leyfðar á mótinu. Við fyrsta brot verður haft samband við forráðamenn. Verði reykinga aftur vart verður viðkomandi sendur heim á þeirra kostnað.

SKRÁNING Í HÆFILEIKAKEPPNINA

Skráning í hæfileikakeppni æskulýðsfélaganna fer fram inni á www.aeskth.is. Þar má einnig finna allar upplýsingar um fyrirkomulag keppninnar. Í ár verður ein aðalkeppni kl. 16.00 á laugardeginum, úrslit verða svo kynnt á kvöldvökunni á laugar dagskvöldinu.

HEIMASÍÐA ÆSKP

Allar upplýsingar um landsmót má nálgast á www.aeskth.is.

Hvað þarf að taka með?

Kodda og dýnu

Svefnpoka

Tannkrem og tannbursta

Föt til skiptanna


Sundföt og handklæði

Skjólfatnað

Búning fyrir ballið

Snyrtidót

Góða skapið



Tvívreiðar vindsængur einungis leyfilegar ef tveir sofa á þeim

Slys og tryggingar

Þátttakendur falla undir frjálsa ábyrgðartryggingu ÆSKP ef slys verður sem er á ábyrgð sambandsins. Þátttakendur eru ekki tryggðir að öðru leiti.

VERÐ

Verð á landsmót er 15.900
Innifalið í verðinu eru ferðir, matur og gisting.

Verð fyrir félög utan ÆSKP 16.900